

Orkufjarskipti hf.
Krókhálsi 5c
110 Reykjavík

Reykjavík, 20. febrúar 2020
UST202002-049/H.H.
09.07.01

Efni: Umsókn um framkvæmdarleyfi - ljósleiðari - Teigarhorn

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Orkufjarskipta hf., dagsett 5. febrúar 2020, um leyfi fyrir lagningu ljósleiðara innan fólkvangsins Teigarhorns.

Jörðin Teigarhorn var friðlýst þann 15. apríl 2013 sem fólkvangur sbr. auglýsingu nr. 416/2013. Allar framkvæmdir innan fólkvangsins eru háðar leyfi Djúpavogshrepps, sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög um mannvirki nr. 160/2010, og Umhverfisstofnunar, sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt skipulag og verndar- og stjórnunaráætlun, en svæðið skal skipulagt til almennrar útivistar.

Teigarhorn var friðlýst sem náttúruvætti árið 1975 og sú friðlýsing endurnýjuð 15. apríl 2013 sbr. auglýsingu 417/2023. Framkvæmdir sem haft geta í för með sér röskun og/eða eyðileggingu á geislasteinum eða jarðlögum sem eru rík af geislasteinum eru óheimilar.

Lýsing verkefnis:

Orkufjarskipti hf. og Djúpavogshreppur áforma að leggja ljósleiðara innan friðlýsts svæðis við Teigarhorn í Djúpavogshreppi. Tilgangur framkvæmdarinnar er að byggja upp ljósleiðarkerfi Orkufjarskipta og tengja dreifbýli Djúpavogshrepps við ljóslögn. Ljósleiðari verður lagður inn á hið friðlýsta svæði við bæinn Kápugil og er lagnastæðið lagt samsíða stofnlögn vatnsveitu Djúpavogshrepps að tengivirki við Teigarhorn þar sem hann tengist inn á núverandi ljósleiðara. Vatnslögnin var fleyguð niður á nokkrum stöðum innan friðlýsta svæðisins. Með vatnslögninni er vegslóði sem nýtist vegna þessarar vinnu.

Lengd ljósleiðara innan friðlýsta svæðisins er um 2.200 m, um þar af stofnstrengur um 1.500 m og um 680 m heimtaug að Kápugili og Teigarhorni. Ljósleiðarinn er að mestu innan svæðis sem friðlýst er sem fólkvangur, eða rúmlega 2.000 m. Ljósleiðara heimtaug að Teigarhorni er um 140 m innan þess svæðis sem friðlýst er sem náttúruvætti. Við leiðarvalið var tekið mið af landslagi og forðast var eftir megni að fara um viðkvæm svæði.

Innan friðlýsta svæðisins er stofn ljósleiðarans plægður samsíða vatnslögn Djúpavogshrepps sem liggur um svæðið og ekki taldar líkur á að þurfi að fleyga. Gert er ráð fyrir að plægja ljósleiðarann niður og þar með ummerki á yfirborði lítil. Hugsanlegt er að á einhverjum stöðum innan friðlýsta svæðisins meðfram vatnslögninni þurfi að losa klöpp, en það er ekki öruggt.

Áhersla er lögð á að ummerki verði sem minnst og valdi sem minnstum spjöllum á landinu. Mikil áhersla er lögð á góðan frágang og að sýnileg áhrif verði sem minnst. Öll ummerki framkvæmdarinnar á yfirborði verða lagfærð.

Stefnt er að framkvæmdir hefjist vorið 2020.

Umsagnir:

Umhverfisstofnun óskaði umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands þann 10. febrúar 2020 vegna framkvæmdarinnar. Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands barst þann 18. febrúar 2020. Í umsögn kemur fram að Náttúrufræðistofnun hafi farið yfir erindið og með hliðsjón af þeim gögnum sem liggja fyrir gerir stofnunin ekki athugasemd við að ljósleiðarinn verði lagður með þeim hætti sem ráð er gert fyrir. Stofnun telur að athuga megi að sneiða hjá votlendi næst tengivirki. Að öðru leyti leggur stofnunin áherslu á að öllu raski sé haldið í lágmarki og að farið verði að ábendingum um lagningu ljósleiðarans er varða menningarminjar innan náttúruvættisins Teigarhorns.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur að framkvæmdin muni hafa tímabundin neikvæð áhrif á gróðurfar þar sem strengurinn verður plægður niður. Framkvæmdin mun að öllum líkindum ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins þar sem markmið fólkvangsins er að tryggja almenningi útivistarsvæði og tækifæri til að kynnast menningu staðarins. Þessi framkvæmd er ekki líkleg til að skerða þann rétt almennings. Varðandi framkvæmdina þar sem hún fer inn í náttúruvættið fer hún um þegar raskað svæði frá þjóðvegi niður að húsunum. Mögulega verða gestir varir við framkvæmdirnar en þær eru ekki nærri göngustígunum sem liggja niður í fjöru og flestir fara um svo áhrifin á gestina eru mjög takmörkuð.

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Orkufjarskiptum hf fyrir sitt leyti leyfi fyrir lagningu ljósleiðara innan Teigarhorns sbr. lýsingu hér að ofan árið 2020 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til staðarhaldara á Teigarhorni hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Forðast skal óþarfa rask og ganga snyrtilega frá plógfarinu að framkvæmdum loknum, stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði til við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt óþarfa rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Merkja skal framkvæmdasvæðið og beina gestum rétta/örugga leið þar sem framkvæmdirnar eru í námunda við gesti svæðisins. Þetta á eingöngu við lagningu heimtaugarinnar niður að húsunum við Teigarhorn.
- Þar sem heimtaug verður lögð heim að húsum að Teigarhorni, sérstaklega þegar taug er lögð milli húsa, er nauðsynlegt að hafa samráð við staðarhaldara á Teigarhorni varðandi leiðarval.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Hafa skal samráð við staðarhaldara á Teigarhorni áður en framkvæmdir hefjast.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Hildur Hafbergsdóttir

Hildur Hafbergsdóttir
sérfræðingur

Arna Hjörleifsdóttir

Arna Hjörleifsdóttir
sérfræðingur